

Miðvikudaginn 9. maí 1979.

Nr. 79/1977. **Gróa M. Sigvaldadóttir**
Ólöf Sigvaldadóttir
Þorbjörg Sigvaldadóttir og
Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar
 (Stefán Pálsson hdl.)
 gegn
Ástu Þorbjarnardóttur
Sigurði Ó. K. Þorbjarnarsyni
Sigurjóni Þorbjarnarsyni
KFUM í Reykjavík og
Krabbameinsfélagi Reykjavíkur
 (Skarphéðinn Þórisson hdl.).

Erfðamál. Skipti. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 20. maí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og við skipti í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar verði erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. september 1954 lögð til grundvallar við skiptin. Hljóti áfrýjendurnir Gróa, Ólöf og Þorbjörg Sigvaldadætur hálfan eignarhlut samkvæmt erfðaskránni til jafnra skipta sín á milli, en áfrýjandinn Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar hinn helminginn. Er aðalkrafa áfrýjenda við það miðuð, að í erfðahlut þeirra komi samkvæmt framan-sögðu öll fasteignin nr. 2A við Mímisveg í Reykjavík eða andvirði hennar og allt innbú svo og helmingur allra annarra eigna í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Til vara krefjast áfrýjendur, að í þeirra hlut komi 1/3 hluti fasteignarinnar nr. 2A við Mímisveg og 1/3 hluti innbúsins svo og 1/6 hluti „allra annarra eigna“ í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Þá

er krafist í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

Þá hafa þeir uppi varakröfur sem hér segir:

1. varakrafa: Að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. september 1954 verði dæmd ógild, að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. laga nr. 8/1962, og sé við það miðað, að húseignin nr. 2A við Mímisveg í Reykjavík og innbú verði hvort tveggja talið hjúskapareign hennar.

2. varakrafa: Að erfðaskráin verði dæmd ógild, að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. erfðalaga, en húseignin Mímisvegur 2A í Reykjavík verði einungis talin sér-eign hennar að hluta, eða 30%, en 70% eignarinnar verði talin hjúskapareign.

3. varakrafa: Að erfðaskráin verði dæmd ógild, að því marki sem hún fer í bága við 35. gr. nefndra laga, en miðað sé við, að húseignin Mímisvegur 2A verði talin séreign Svanhildar.

Þess er krafist í öllum varakröfunum, „að húskiptin mið-
ist við þær eignir, sem eftirlifandi maki, Þorbjörn Jónsson, fékk í arf eftir konu sína, en eignaaukning sú, sem varð á búinu frá láti Svanhildar, gangi ekki til erfingja hennar skv. erfðaskrá hennar frá 30. september 1954“.

Stefndu lýsa því sérstaklega, að af þeirra hendi sé eigi höfð uppi málskostnaðarkrafa.

I.

Svanhildur Jóhannsdóttir lést 31. júlí 1970. Með erfðaskrá 30. september 1954, sem tekin er upp orði til orðs í úrskurði skiptaráðanda, gefur hún að sér látinni eiginmanni sínum, Þorbirni Jónssyni, allar eigur sínar. Þá eru fyrimæli í erfðaskránni um það, að helmingur eigna þeirra, sem falla til Þorbjarnar, skuli að honum látnum renna til jafna skipta milli þriggja nafngreindra systurdætra Svanhildar, sem eru meðal áfrýjenda málsins, og hinn helmingurinn til Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar, sem nú ber heitið

Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar samkvæmt skipulagsskrá nr. 88/1971. Einkaskiptum í dánarbúi Svanhildar Jóhannsdóttur lauk 24. febrúar 1971, en samkvæmt erfðafjárskýrslu þann dag tók Þorbjörn Jónsson við öllum eignum Svanhildar. Í skiptagerningi, sem Þorbjörn undirritaði sama dag, er vísað til erfðaskrár Svanhildar 30. september 1954 og frá því greint, að samkv. henni sé Þorbjörn erfingi að öllum eignum Svanhildar. Þorbjörn Jónsson gerði erfðaskrá 20. júlí 1971, sem einnig er tekin upp orðrétt í hinum áfrýjaða úrskurði. Skyldi þriðjungur eigna hans að honum látnum renna til KFUM í Reykjavík og til Krabbameinsfélags Reykjavíkur, þannig að hvor aðili fengi helming þess arfshluta, eða 1/6 hluta eignanna.

Hvorug þessara erfðaskráa er vefengd samkvæmt 45. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

II.

Áfrýjendur höfðu uppi kröfur sínar, þegar til skipta kom í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Frumþátturinn í aðalkröfu þeirra er á því byggður, að virða beri í hvívetna erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur, er Þorbjörn heitinn hafi skuldbundið sig til að hlíta með viðtöku eigna hennar að henni látinni, sbr. vísun til erfðaskrár hennar í skiptagerningi 24. febrúar 1971. Stefndu andmæla því hins vegar fyrst og fremst, að fyrirælin í erfðaskrá Svanhildar um erfðaröð fái staðist að íslenskum rétti, og verði erfðaskráin þegar af þeirri ástæðu eigi lögð til grundvallar skiptum eftir andlát Þorbjarnar Jónssonar. Beri því að skipta búi hans óskorað á grundvelli erfðaskrár hans. Til vara er því svo haldið fram af hálfu stefndu, að erfðaskrá Svanhildar heitinnar sé eigi gild, nema að því er varðar þriðjung af eignum hennar, sbr. 35. gr. erfðalaga.

III.

1. Svo sem áður greinir, andaðist Svanhildur Jóhannsdóttir 31. júlí 1970. Eiga ákvæði erfðalaga nr. 8/1962 við um arf eftir hana, þ. á m. um erfðaskrá hennar, sbr. 57., 58. og 60. gr., 1. málsg.

2. Í íslenskum erfðalögum er arfleifendum heimilað að ráðstafa fé sínu að þeim látnum. Eru skorður eigi reistar nema að litlu leyti við því, hvers efnis fyrirmæli erfðaskráa geti verið, sbr. þó 36. gr., 1. málsg., og 39. gr. erfðalaga. Í íslenskum erfðarétti hefur verið talið gilt, að arfleifandi mæli svo fyrir í erfðaskrá, að tiltekinn erfingi skuli taka arf eftir sig, en að frumerfingja látnum erfi annar nafngreindur maður eigurnar, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1968, bls. 422, og að sínu leyti reglur um gagnkvæmar erfðaskrár, sbr. og þá vísbendingu, er ákvæði 52. gr. erfðalaga veitir. Verður því eigi fallist á þau rök stefndu, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur sé að vettugi virðandi af efnisástæðum þeim, er greindar voru.

3. Hjúskapur þeirra Svanhildar Jóhannsdóttur og Þorbjarnar Jónssonar stóð allt til dánardægurs Svanhildar. Svanhildur var barnlaus, og voru foreldrar hennar látnir, er hún andaðist. Var Þorbjörn skylduerfingi hennar að tveimur þriðju hlutum eigna hennar, sbr. 35. gr. erfðalaga. Arfleifanda er óheimilt að setja skylduerfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi, sbr. 36. gr., 1. málsgrein, sömu laga, nema lög mæli annan veg, en eigi er sýnt fram á, að sá fyrirvari eigi hér við. Þorbjörn Jónsson stóð eigi að erfðaskrá Svanhildar, og eigi eru nein rök til að telja hann hafa afsalað sér skylduarfi sínum. Gegn andmælum stefndu fá fyrirmæli í erfðaskrá Svanhildar, er fela í sér ráðstöfun á meira en þriðjung eigna hennar, samkvæmt þessu eigi staðist, og verður því að hrinda aðalkröfu áfrýjenda.

4. Frumþáttur í varakröfu áfrýjenda er á því reistur, að erfðaskrá Svanhildar beri a. m. k. að leggja til grundvallar í skiptum á dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar að því er varðar þriðjung eigna hennar. Telja verður, að Þorbjörn hafi tekið við þessum eignarhluta í skjóli erfðaskrár Svanhildar. Ber að meta fyrirmæli í erfðaskrá Svanhildar gild að því er varðar þennan eignarhluta, en vísun í skiptagerningi 24. febrúar 1971 til erfðaskrár hennar sýnir, að Þorbirni voru kunn þessi fyrirmæli. Ber því að fallast á framangreindan frumþátt í varakröfu áfrýjenda.

IV.

Eftir lát Svanhildar tók Þorbjörn Jónsson 2/3 hluta eigna hennar í skylduarf, og var honum frjálst að ráðstafa þeim eignum eftir því sem erfðalög kveða á um.

Eftirstöðvar eigna Svanhildar, 1/3 hluti þeirra, féllu til Þorbjarnar sem bréferfingja. Þorbjörn hafði eignarráð í lifanda lífi á þessum eignarhluta, en hlíta ber ákvæðum erfðaskrár Svanhildar um það, hvert eigur þessar skyldu renna eftir daga hans. Ber að líta á fyrirmæli þessi sem kvöð á arfshluta, sem Svanhildi var frjálst að setja, sbr. 52. gr. erfðalaga. Í skiptagerningnum frá 24. febrúar 1971 er, svo sem fyrr greinir, vísað til erfðaskrár Svanhildar frá 30. september 1954 sem erfðaheimildar, og sýnir það, að Þorbjörn hefur talið erfðaskrána gilda, en hann var einkalög-erfingi hennar.

Samkvæmt framansögðu verður að túlka erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur, sbr. og skiptagerninginn frá 24. febrúar 1971, svo, að búi Þorbjarnar beri að standa áfrýjendum skil á þriðjungi eigna Svanhildar að honum látnum.

V.

Þegar meta skal samkvæmt málsgögnum, hver eignarhluti Svanhildar hafi verið, er áfrýjendur eiga erfðahlutdeild í, þykir eiga að leggja skiptagerðina frá 24. febrúar 1971 til grundvallar. Þorbjörn Jónsson fékk eignarráð ævilangt yfir öllum eignum Svanhildar. Þykir hann hafa átt að njóta arðs af þeim án skyldu til að standa áfrýjendum skil á honum, og er þess raunar að geta, að sá arður er eigi sérgreindur í gögnum málsins. Eigi þykja áfrýjendur eiga tilkall til hlutdeildar í þeim eignarauka, sem að öðru leyti hefur orðið í búi Þorbjarnar, frá því að skiptagerningur 24. febrúar 1971 var saminn, uns uppskriftargerð fór fram í búi hans 16. júlí 1975.

Samkvæmt þessum grundvallarsjónarmiðum eiga áfrýjendur að fá í erfðahluta 1/3 fasteignarinnar Mímisvegar 2A ásamt bílskúr, að frádregnum 1/3 hluta skuldar að upphæð 115.724 krónur, og 1/3 hluta af matsverði innbús, 10.000

krónur, sem talið var eignarhlutur Svanhildar í skiptagerningi 24. febrúar 1971, en hvorki verður hreyft við matsverði þessu né þeim eignarhluta, sem Svanhildi er þar talinn. Enn eiga áfrýjendur að fá í erfðahlut sinn $1/3$ þess búshluta, sem Svanhildi var talinn í framangreindum skiptagerningi, þ. e. $1/6$ í fasteigninni Mímisvegi 2, $1/6$ af innstæðu, að fjárhæð 387.345 krónur, og $1/6$ af innbúi, að matsverði 10.000 krónur, allt að frádregnum $1/6$ af skuldum, að fjárhæð 244.251 króna.

Kröfur málsaðilja varða eigi erfðafjárskatt þann, 43.107 krónur, er goldinn var við skipti eftir Svanhildi, og kemur hann eigi hér til álita.

Samkvæmt ákvæðum erfðaskrár Svanhildar Jóhannsdóttur eiga verðmæti þau, er falla eiga til áfrýjenda samkvæmt framangreindu, að skiptast til helminga. Rennur annar helmingur til áfrýjendanna Gróu, Ólafar og Þorbjargar Sigvaldadætra til jafnra skipta milli þeirra, en hinn helmingurinn rennur óskipt til áfrýjandans Björgunar- og sjúkrasjóðs Breiðafjarðar. Ber að haga skiptum í dánarbúi Þorbjörns Jónssonar með þessum hætti, að svo miklu leyti sem þau eru til úrlausnar í máli þessu.

Dæma ber stefndu óskipt til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Skiptum í dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar skal haga svo sem að framan greinir.

Stefndu, Ásta Þorbjarnardóttir, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson, Sigurjón Þorbjarnarson, KFUM í Reykjavík og Krabbameinsfélag Reykjavíkur, greiði óskipt áfrýjendum, Gróu M. Sigvaldadóttur, Ólöfu Sigvaldadóttur, Þorbjörgu Sigvaldadóttur og Björgunar- og sjúkrasjóði Breiðafjarðar, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 700.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1977.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. f. m., er risið við skipti á dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar, Mímisvegi 2 hér í borg, sem andaðist 11. júlí 1975, vegna ágreinings um erfðaskrá eigin konu hans, Svanhildar Jóhannsdóttur, sem andaðist 31. júlí 1970. Tildrög málsins eru þessi:

Þorbjörn Jónsson og Svanhildur Jóhannsdóttir gengu í hjúskap 5. maí 1934. Þorbjörn átti þá 3 börn, sækjendur máls þessa, en Svanhildur átti ekki afkomendur. Þau hjónin gerðu með sér kaupmála, dagsettan 22. maí 1934, þess efnis, að húseignin nr. 28 við Egilsgötu, sem áður var eign Svanhildar, skyldi verða séreign hennar svo og allir innanstokksmunir og búsáhöld „hverju nafni sem nefnist, sem við nú eigum og síðar kunnum að eignast. . .“.

Skrá um þá muni, sem til voru við gerð kaupmálans, var rituð á hann. Eru þeir taldir að verðmæti kr. 1.000. Kaupmálinn var skráður við embætti lögmannsins í Reykjavík sama dag, sem hann var undirritaður. Í kaupmálanum er ekki getið annarra eigna en þeirra, sem að framan greinir, og ekki er upplýst í málinu, hverjar voru aðrar eignir hjónanna, er hann var gerður.

Með afsali, dags. 18. febrúar 1941, festi Þorbjörn Jónsson kaup á húseigninni nr. 2 við Mímisveg hér í borg, sem stendur á lóð í eign Reykjavíkurborgar. Hinn 22. apríl 1942 framselur hann Svanhildi Jóhannsdóttur 617 fermetra af lóð hússins. Var sá hluti lóðarinnar viðurkenndur sem sjálfstæð byggingarlóð, nr. 2A við Mímisveg, og skráð og þinglesin á nafn Svanhildar. Á þessari lóð var byggt húsið nr. 2A við Mímisveg, sambyggt húsi Þorbjarnar nr. 2 við sömu götu.

Í fasteignamatssgerð, dags. 1. ágúst 1942, virðist húsið vera fullbyggt, og byggingarár þess er talið 1942. Það má því ætla, að bygging hússins hafi verið byrjuð, og jafnvel langt á veg komin, þegar Svanhildi voru framseld lóðarréttindin 22. apríl s. á.

Með afsali, dags. 19. ágúst 1941, hafði Svanhildur selt séreign sína, húseignina nr. 28 við Egilsgötu. Engin breyting er skráð við kaupmála hjónanna í sambandi við framangreindar eignabreytingar.

Hinn 30. september 1954 gerir Svanhildur Jóhannsdóttir erfðaskrá sína. Er efni hennar svolátandi:

„Ég undirrituð Svanhildur Jóhannsdóttir, Mímisvegi 2 í

Reykjavík, geri með erfðaskrá þessari kunnugt, að ég ráðstafa eignum mínum eftir minn dag á þann hátt, er hér segir:

Allar eignir mínar, fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast og án nokkurra undantekninga, gef ég að mér látinni eiginmanni mínum Þorbirni Jónssyni.

Að eiginmanni mínum látnum skulu eignir þær, er til hans falla samkvæmt erfðaskrá þessari, ekki renna til erfingja hans eða samerfingja okkar, heldur skal um eignirnar fara svo sem hér segir:

1. Helming eignanna skal skipta að jöfnu milli Þorbjargar Sigvaldadóttur, Seljalandi í Dölum, Gróu M. Sigvaldadóttur, Hamraendum í Dölum, og Ólafar Sigvaldadóttur í Borgarнесi.

Falli einhver af þessum þremur ofangreindum konum frá á undan manningum mínum, skal sá hluti ganga til hinna tveggja.

Falli tvær frá af þessum ofangreindum konum á undan manningum mínum, skal sá hluti, sem til þeirra skyldi ganga, renna til þeirrar einu, sem eftir lifir.

Falli allar þrjár frá á undan honum, skal heildarerfðahlutur þeirra ganga til Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar.

2. Hinn helmingur eigna minna skal renna í Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar, og óska ég þá jafnframt, að björgunar-skipið beri nafn eiginmanns míns, sem er Þorbjörn.

Erfðaskráin er vottfest og að formi til ekki vefengd.

Svanhildur Jóhannsdóttir andaðist 31. júlí 1970. Hún átti ekki afkomendur, og foreldri hennar voru, að því er upplýst var við munnlegan flutning málsins, dái löngu á undan henni.

Systkini og systkinabörn átti hún á lífi. Dánarbúi Svanhildar var skipt einkaskiptum með skiptagerningi og erfðafjárskýrslu, dags. 24. febrúar 1971.

Í skiptagerningnum er getið framangreindrar erfðaskrár og jafnframt að samkvæmt henni sé makinn, Þorbjörn Jónsson, einkaerfingi hinnar látnu, enda tók hann allan arf eftir hana og lét þinglýsa fasteigninni nr. 2A við Mímisveg á sitt nafn. Í skiptagerðinni er gert ráð fyrir, að það hús hafi verið séreign hinnar látnu svo og helmingur af innbúi, sem þá var talið alls kr. 20.000 að verðmæti. Aðrar eignir eru taldar sameiginlega og ekki getið, hvernig þær skiptust í hjúskapareignir milli hjónanna.

Hinn 20. júlí 1971 gerir Þorbjörn Jónsson erfðaskrá sína. Er þar kveðið svo á:

„Ég undirritaður, Þorbjörn Jónsson, Mímisvegi 2 í Reykjavík, geri hér með svofelldar ráðstafanir um eignir mínar eftir minn dag.

Einn þriðji hluti allra eigna minna, hverju nafni sem nefnast, bæði fastra og lausra, skal að mér látnum falla til K.F.U.M. í Reykjavík og Krabbameinsfélags Reykjavíkur, þannig að hvor aðili fær helming þessa arfshluta, eða 1/6 hluta allra eigna minna.

Að öðru leyti skal fara um arf eftir mig að lögum.

Guðlaugi Þorlákssyni, Aðalstræti 6 í Reykjavík, er falið að sjá um framkvæmd erfðaskrár þessarar og skipti á dánarbúi mínu. Að Guðlaugi frágengnum er félögum hans á Málflutnings-skrifstofu Einars B. Guðmundssonar, Guðlaugs Þorlákssonar, Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar, Aðalstræti 6 í Reykjavík, falið að sjá um framkvæmd erfðaskrár þessarar og skipti á búi mínu.

Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarius publicii í Reykjavík“.

Lögerfingjar Þorbjarnar áskildu sér í upphafi skiptameðferðar á dánarbúinu rétt til að vefengja erfðaskrá þessa, en að öðru leyti hefur henni ekki verið andmælt, og tveir þeirra erfingja, sem hún tilnefnir, hafa gerst aðiljar að máli þessu við hlið lög-erfingjanna án mótmæla af þeirra hálfu. Ákvæði erfðaskrárinnar um skiptaforstjóra kemur ekki til framkvæmda, þar eð þeir, sem til skiptaforstjórnar voru nefndir, frábáðu að taka þann starfa að sér.

Þorbjörn Jónsson andaðist 11. júlí 1975. Bú hans var tekið til opinberrar skiptameðferðar 16. s. m. Við uppskriftargerð þann dag voru taldar fram eftirgreindar eignir:

Húseignin nr. 2 við Mímisveg, að fasteignamati . . .	kr. 2.394.000
Húseignin nr. 2A við Mímisveg, að fasteignamati ..	— 3.823.000
Bifreiðaskýli við þessar eignir	— 188.000
Sparifjáreign og aðrar innstæður	— 7.428.356
Innanstokksmunir, að matsverði	— 389.500

Skuldir búsins voru taldar kr. 95.136.

Eignir búsins eru enn óbreyttar að öðru leyti en því, að peningaeign hefur aukist nokkuð vegna leigutekna og vaxta af innstæðum.

Á skiptafundi 25. september 1975 komu fram mótmæli af hálfu lögerfingja Þorbjarnar Jónssonar gegn því, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur kæmi til álita við búskiptin, og var stofnað til dómsmáls þessa varðandi þann ágreining. Eru sækjendur málsins þrjú börn arfláta: Ásta Þorbjarnardóttir, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson og Sigurjón Þorbjarnarson, og auk þeirra KFUM í Reykjavík og Krabbameinsfélag Reykjavíkur, sem eru bréferfingjar samkvæmt erfðaskrá arfláta frá 20. júlí 1971.

Verjendur eru erfingjar samkvæmt erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. september 1954, Gróa M. Sigvaldadóttir, Ólöf Sigvaldadóttir, Þorbjörg Sigvaldadóttir og Björgunarskútsjóður Breiðafjarðar.

Kröfur sækjenda, svo sem þær voru lagðar fyrir við munnlegan flutning málsins, eru þessar:

Í fyrsta lagi, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. sept. 1954 verði dæmd ógild og eignum dánarbús Þorbjarnar Jónssonar verði ráðstafað í samræmi við erfðaskrá hans, dags. 20. júlí 1971, sbr. dskj. nr. 6 í skiptamáli þessu.

Í öðru lagi eða til vara, að erfðaskrá Svanhildar verði dæmd ógild að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. laga nr. 8/1962, enda sé við það miðað, að húseignin nr. 2A við Mímisveg í Reykjavík og innbú verði hvort tveggja talið hjúskapareign arfleifanda.

Í þriðja lagi og til þrautavara, að erfðaskráin sé ógild að því leyti sem hún fer í bága við 35. gr. erfðalaga, en húseignin Mímisvegur 2A í Reykjavík verði einungis talin séreign Svanhildar að hluta, eða 30%, en 70% eignarinnar í hjúskapareign arfleifanda.

Til ýtrustu vara, eða í fjórða lagi, að erfðaskráin sé ógild að því marki, sem hún fer í bága við 35. gr. nefndra laga, enda sé miðað við, að húseignin Mímisvegur 2A verði talin séreign arfleifanda.

Þá er þess krafist í þremur síðastgreindum kröfuliðum, að miðað sé eingöngu við þær eignir, sem Þorbjörn fékk í arf eftir konu sína, en ekki sé miðað við þá eignaaukningu, sem átti sér stað frá láti Svanhildar.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati dómsins.

Kröfur verjenda eru þær, að við skipti á dánarbúi arfláta, Þorbjarnar Jónssonar, verði metin gild og að fullu tekin til greina erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur frá 30. sept. 1954 þannig, að verjendurnir Gróa M. Sigvaldadóttir, Ólöf Sigvaldadóttir og

Þorbjörg Sigvaldadóttir fái hálfan eignarhluta samkvæmt erfðaskránni til jafnra skipta, en Björgunarskútusjóður Breiðafjarðar hljóti hinn helminginn. Er það aðalkrafa verjenda, að í erfðahlut þeirra komi öll eignin nr. 2A við Mímisveg, eða andvirði hennar, og allt innbú svo og helmingur allra annarra eigna í dánarþúi Þorbjarnar Jónssonar. Til vara krefjast þeir minni hluta samkvæmt mati dómsins.

Röksemdir sækjenda fyrir aðalkröfu þeirra eru á þessa leið:

Þegar Svanhildur Jóhannsdóttir andaðist, höfðu nágildandi erfðalög nr. 8 frá 1962 tekið gildi. Svanhildur lét ekki eftir sig afkvæmi, og samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 3. gr. nefndra laga var því eftirlifandi maki eini lögerfingi hennar. Þennan rétt telja sækjendur, að Svanhildi hafi verið óheimilt að takmarka á nokkurn hátt, sbr. 36. gr. laganna, þ. á m. að binda það skilyrði, hvert erfðafé skyldi renna að lögerfingjum hennar látnum. Sækjendur benda á, að þegar erfðaskrá Svanhildar var gerð, hafi verið í gildi erfðalög nr. 42 frá 1949. Samkvæmt þeim lögum hafi það hjóna, sem lengur lifði, ekki verið einkalögerfingi hins, heldur tekið hálfan arf á móti öðrum lögerfingjum, þegar hið látna átti ekki afkvæmi. Erfðaskrá Svanhildar sýni þann vilja hennar ótvírátt, að eiginmaðurinn skyldi taka allan arf eftir hana, en aðrir lögerfingjar ekki. Þessi arfleiðsla hafi verið kvaðalaus með öllu að því er varðar heimild arfþegans til hvers konar ráðstöfunar á erfðafénu í lifanda lífi og hann hefði jafnvel getað ráðstafað því að sér látnum með erfðaskrá. Það sé ekki samrýmanlegt þessu og eigi ekki stoð í lögum, að Svanhildi heimilaðist að ákveða, hvert erfðaféð skyldi renna að maka hennar látnum.

Fyrsta varakrafa sækjenda byggist á því, að arfleiðsla Svanhildar Jóhannsdóttur til verjenda geti samkvæmt 35. gr. erfðalaga aldrei orðið bindandi um meira en 1/3 hluta eftirlátinna eigna hennar, en þegar eigur hennar séu metnar, beri að telja húseignina nr. 2A við Mímisveg svo og allt innbú til hjúskapar eignar. Byggist sú afstaða á því að því er húseignina varðar, að engar sönnur hafi verið færðar á, að hún hafi verið séreign Svanhildar. Eign þessi hafi ekki verið til, þegar kaupmáli hjónanna var gerður, og síðar hafi henni ekki verið bætt á hann. Því hafi hún ekki getað orðið séreign Svanhildar, nema því aðeins að hún hafi komið í stað annarrar séreignar hennar. Þá geti ekki verið að ræða um aðra eign en húsið nr. 28 við Egilsgötu. Sú eign hafi að vísu verið seld, áður en Mímisvegur 2A var skráður eign Svanhildar, en óvíst sé með öllu, hvernig andvirði henn-

ar var varið, og engin gögn sýni, að því hafi verið varið til kaupa eða byggingar á Mímisvegi 2A. Auk þess sýni matsgerðir, að verðmæti hússins við Egilsgötu nemi einungis hluta af verði Mímisvegar 2A. Að því er til lausafjármunanna tekur mótmæla sækjendur því, að nokkuð, sem máli skiptir, sé nú til af þeim innanstokksmunum, sem kaupmálinn greinir.

Önnur varakrafa sækjenda byggist á sömu rökum um arfleiðsluheimild Svanhildar Jóhannsdóttur sem fyrsta varakrafan, en verði litið svo á, að kaupmáli hjónanna nái til húseignarinnar nr. 2A við Mímisveg, þá verði séreign Svanhildar einungis talin ná til 30 hundraðshluta eignarinnar. Miðast það við, að verðmæti Egilsgötu 28 hafi numið einungis 30% af verði Mímisvegar 2A á þeim tíma, sem hann var skráður eign Svanhildar.

Þriðja varakrafa sækjenda er byggð á sömu rökum sem fyrsta og önnur varakrafan, en gengið út frá, að Mímisvegur 2A verði að öllu leyti talinn séreign Svanhildar.

Verjendur byggja kröfur sínar á því, að erfðaskrá Svanhildar Jóhannsdóttur sé að öllu leyti gild ráðstöfun og beri að taka hana til greina að fullu við erfðaskiptin á dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar. Svanhildur hafi með erfðaskránni ráðstafað öllum eignum sínum til maka síns, þetta hafi verið gert umfram laga-skyldu og með því skilyrði, að eignirnar rynnu að maka hennar látnum til þeirra aðilja, sem erfðaskráin greinir. Slíkt skilyrði hafi verið heimilt, hvort sem það sé skoðað sem ákvörðun um erfðaröð (substitution) eða að Þorbirni hafi með erfðaskránni aðeins verið veittur réttur til umráða og arðneyslu af erfðafénu í lifanda lífi með kvöð um, að það gengi til annarra bréferfingja að honum látnum. Telja verjendur slíkar ráðstafanir eiga fulla stoð í íslenskum rétti, enda séu þær algengar í erfðaskráum og m. a. byggist flestar gagnkvæmar erfðaskrár á gildi þeirra.

Aðalkrafa verjenda miðast við það, að húseignin Mímisvegur 2A og innbú allt hafi verið séreign Svanhildar, en vegna óvissu um, hverjar eignir hennar að öðru leyti voru við andlát hennar, beri að beita þeirri reglu, sem viðurkennd sé af fræðimönnum um slík tilfelli, að skipta vafaeignunum að jöfnu. Til vara leggja verjendur það á vald dómara að meta, hverjar eignir skuli teljast til dánarbús Svanhildar.

Við andlát Svanhildar Jóhannsdóttur 31. júlí 1970 varð eftirlifandi maki, Þorbjörn Jónsson, eini lögerfingi hennar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962. Í erfðaskrá Svanhildar frá 30. september 1954 er Þorbjörn einnig tilnefndur sem eini erf-

ingi. Kom hann því einn til greina sem erfingi við andlát hennar. Samkvæmt því tók Þorbjörn við öllum eftirlátnum eignum Svanhildar til fullrar og óskertrar eignar. Það var ekki á valdi Svanhildar að ákveða það einhliða, hvert eignir þessar skyldu renna að erfðum við andlát Þorbjarnar. Það er að vísu ljóst, að Þorbirni var kunnugt um erfðaskrá eiginkonu sinnar í síðasta lagi, þegar hann veitti arfinum eftir hana viðtöku samkvæmt skipta-gerðinni frá 24. febrúar 1971, enda vitnar hann til erfðaskrárinnar í þeirri gerð. Ekki er það þó né annað það, sem fram er komið í málinu, sönnun þess, að hann hafi kennst við skrána sem sinn eigin erfðagerning né gengist undir þær kvaðir að ráðstafa eftirlátnum eignum sínum í samræmi við efni hennar. Arfleiðsluskrá hans frá 20. júlí 1971 væri heldur ekki samrýmanleg því, að hann hefði gengist undir slíka kvöð.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna kröfu verjenda um, að réttur þeirra til arftöku úr dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar verði viðurkenndur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu verjenda, Gróu Sigvaldadóttur, Ólafar Sigvaldadóttur, Þorbjargar Sigvaldadóttur og Björgunarskútusjóðs Breiðafjarðar, um arf úr dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar, Mímisvegi 2, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
